



Samtök um líknarmeðferð
1. tölublað 23. árg. 2021



Víkivaki (Sunnan yfir sæinn)

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma
-láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.

(Jóhannes úr Kötlum)

Kveðja frá stjórn

Stjórn Lífsins vill senda ykkur góðar kveðjur inn í sumarið með von um að það verði ykkur gefandi og innihaldsríkt. Við sjáum sem betur fer fram á betri tíma eftir að hafa tekist á við ótrúlegar áskoranir í tengslum við Covid-faraldurinn. Við vonum svo sannarlega að afléttingar á þeim samkomutakmörkunum sem verið hafa muni ganga vel og að þjóðin verði komin með hjarðónæmi fyrir en síðar.

Starfsemi hjá okkur í stjórn Lífsins hefur verið í lágmarki á þessum tímum. Eigi að síður hefur auðvitað daglegri umsýslu verið sinnt. Við stofnuðum Instagram reikning og útbjuggum fróðleiksmola um líknarmeðferð sem voru birtir í tengslum við alþjóðlegan dag líknarmeðferðar. Einnig höfum við m.a. kynnt líknarmeðferð og tekið þátt í umræðunni um dánaraðstoð á samfélagslegum vettvangi.

Ákveðið hefur verið að fresta aðalfundi félagsins til haustsins og verður hann haldinn 16. september n.k.

Við vonum að þið sjáið ykkur sem flest tækifæri til að koma og eiga samtal um líknarmeðferð og hvernig við getum stutt enn frekar við fræðslu, samtal, upplýsingastreymi og uppbyggingu sviðsins hér á landi. Einnig erum við í alþjóðlegu samstarfi sem við höfum markvisst verið að vinna í að efla.

Við hlökkum til frekari samverustunda með ykkur.

Gangi ykkur vel hvert á ykkar vettvangi og það er von okkar að þið getið notið sumarsins.

Bestu kveðjur fyrir hönd stjórnar Lífsins, Guðlaug Helga formaður



Námstefna Lífsins

Vegna heimsfaraldurs COVID-19 hefur ekki gefist tækifæri til að halda árlega námsstefnu síðan vorið 2019. Vonir standa til að 2022 gefist tækifæri á ný og verður boðað til hennar þegar nær dregur.


Aðalfundarboð

Aðalfundi Lífsins, sem alla jafna fer fram í maí hefur verið frestað til haustins.

Fundurinn er hér með boðaður fimmtudaginn 16. september n.k. kl. 17 í húsi Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Ákvörðun um félagsgjöld skv. 4.grein
5. Kosning stjórnar
6. Önnur mál

 Guide to Iceland



*Stjórn Lífsins óskar ykkur gleðilegs, gefandi
og nærandi sumars.*

**Lífið, samtök um líknarmeðferð
Kópavogsgerði 6 d
200 Kópavogi
Heimasíða: www.lsl.is**